

Reykjavík, 11. febrúar 2022
SFS22020199

MINNISBLAÐ

Til skóla- og frístundaráðs

Frá Helga Grímssyni, sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs

Efni: Varðandi tillögu skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um úttekt á námsárangri nemenda í kórónuveirufaraldri

Á fundi skóla- og frístundaráðs sem haldinn var 8. desember 2020 lögðu skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins fram svohljóðandi tillögu:

Lagt er til að skóla- og frístundasviði verði falið að gera úttekt á því hvort skert skólalald í kórónuveirufaraldrinum hafi haft áhrif á námsárangur nemenda. Skoðaðar verði niðurstöður samræmdra prófa og skólaprófa milli ára.

Á meðan á Covid-19 faraldrinum hefur staðið hefur áhersla verið á að halda skólum opnum og nemendum virkum í skóla- og frístundastarfi eftir því sem aðstæður hafa leyft. Nokkur skerðing varð á skólastarfi og skólasókn nemenda í fyrstu bylgju faraldursins vorið 2020. Strax var þó reynt að nýta tæknina til samskipta við nemendur og foreldra og skólum falið að gera áætlun um nýtingu upplýsingatækninnar ef og þegar skólasókn nemenda skertist. Á yfirstandandi skólaári hefur faraldurinn haft meiri áhrif á skólasókn nemenda þar sem hluti nemenda hefur greinst með veiruna og þurft að sæta einangrun vegna veikinda eða sóttkví af völdum smita í þeirra nánasta umhverfi.

Vegna faraldursins og skerðingar skólastarfs var ákveðið að fella niður lesskimunina *Læsi* í 2. bekk vorið 2020. Leskimunin *Lesmál* var lögð fyrir 2. bekk vorið 2021 og helstu niðurstöður voru þær að 75% nemenda sem skimunina þreyttu eru með *aldurssvarandi færni í lestri* en það þýðir að nemandi getur leyst a.m.k. 61% af skimuninni. Lægra hlutfall nemenda náði að *lesa sér til gagns* í *Læsi* árin 2002-2019 en hæst fór hlutfallið í 71% en lá á bilinu 61-66% seinustu 7 ár *Læsis*. Skilgreiningin á að geta lesið sér til gagns í *Læsi* var hinsvegar að leysa 65% skimunarinnar á móti fyrrnefndu 61% í *Lesmáli* eins og áður sagði. Því þarf að fara varlega í að bera niðurstöður skimananna saman.

Stærðfræðiskimunin *Talnlýkill* hefur verið lögð fyrir 3. bekkina frá árinu 2003, seinast haustið 2021 en niðurstöður þeirrar fyrirlagnar liggja ekki enn fyrir. En haustið 2020 gátu 73% nemenda náð lágmarksviðmiðum á svokölluðu fyrsta þrepi skimunarinnar sem var 6 prósentustigum hærra hlutfall en hópurinn sem hafði gert slíkt hið sama árin 2018 og 2019. Niðurstöður *Talnlýkils* 2020 og *Lesmál* 2021 hafa verið kynntar skóla- og frístundaráði og niðurstöður *Talnlýkils* 2021 verða kynntar ráðinu á vormánuðum.

Tæknileg vandamál komu upp við framkvæmd samræmdra prófa haustið 2020 og einnig í fyrirlögnum árið 2021, þannig að ekki er hægt að nota niðurstöður þeirra prófa til samanburðar milli ára. Að auki má þess geta að meðaltal fyrir niðurstöður samræmdra prófa er sett á 30 stig af 60 á hverju ári og þar sem um þriðjungur hvers árgangs eru nemendur í reykvískum grunnskólum, hafa niðurstöður þeirra alltaf mikil áhrif á meðaltalið og gefur aðeins upplýsingar um hlutfallslega afstöðu hvers skóla við aðra skóla en ekki þróun milli ára*. Skóla- og frístundasvið hefur ítrekað beðið um að í skýrslur Menntamálastofnunar (MMS) vegna samræmdra prófa verði bætt við framvindustuðlum fyrir árganga í hverjum skóla fyrir sig og sveitarfélagið í heild og meiri upplýsingum um dreifni árangurs til að gefa upplýsingar um hlutfall nemenda sem er í efstu prósentunum eða í lægstu prósentunum.¹ Nú stendur yfir endurskoðun á samræmdum prófum og verða þau ekki lögð fyrir með sama sniði og áður og því verði ekki hægt að nota þau við að reyna að meta áhrif yfirstandandi bylgju faraldursins á námsárangur. Ekki liggur fyrir hvort að samræmd próf verða lögð fyrir í 9. bekk í vor. Ítrekað hefur einnig verið beðið um að sveitarfélög fái upplýsingar úr *Lesferli* Menntamálastofnunar en ekki fengist. Næsta fyrirlögn alþjóðlegu PISA könnunarinnar á hæfni og getu 15 ára nemenda í lesskilningi, læsi á náttúruvísindi og á stærðfræði verður á vormánuðum 2022 og þegar niðurstöður liggja fyrir verður hægt að gera samanburð á því hvernig skólar í Reykjavík í heild sinni stóðu árið 2018 og vorið 2022.

Skóla- og frístundasvið hefur ekki kallað eftir niðurstöðum úr skólaprófum eða lokaeknunum nemenda enda eru þær niðurstöður ekki samræmanlegar eða hæfar til samanburðar á milli skóla eða ára.

Eins og ljóst má vera er kórónuveirufaraldrinum ekki lokið enn. Ekki er því tímabært að meta áhrif Covid-19 faraldursins á námsárangur nemenda eftir þeim leiðum sem skóla- og frístundasvið eða Menntamálastofnun hafa notast við til að fylgjast með námsárangri nemenda.

¹ Þar sem meðaltöl í samræmdum prófum er alltaf sett á 30 á hverju ári er vandkvæðum bundið að skoða þróun yfir tíma. Að meðaltalið sé sett á 30 á hverju þýðir t.d. að ef nemendurnir voru að meðaltali með 70% rétt í prófunum eitt árið, en 60% það næsta þá eru bæði þessi meðaltöl sett á 30 á hverju ári. Við getum því aðeins séð hlutfallslega afstöðu skólanna við aðra skóla. Að sjálfsögðu geta verið skólar sem lækka eða hækka nokkur ár frá meðaltalinu 30, en ef allir skólarnir eru að t.d. að lækka, þá lækkar í rauninni bara hlutfallið að baki því sem nemendur geta svarað rétt, en 30 stigin standa. Ef að aðeins einn skóli væri í Reykjavík væri hægt að lesa í þessa tölu en þar sem nemendur í Reykjavík eru svo stór hluti allra nemenda á Íslandi er Reykjavík alltaf í kringum 30 stigin, þ.e. meðaltalið fyrir allt landið.